



Reykjavík, 9. janúar 2025

USK24110148

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Umhverfis- og skipulagsráð

Sendandi: Skipulagsfulltrúi

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, dags. 13. nóvember 2024, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins

Nú hefur borgarstjóri sagt að það verði að þetta Grafarvog og byggja Keldnalandið vegna þess að það vanti byggingarland. Spurt er, ef það vantar svona mikið land til byggingar. Af hverju er dregið að byggja upp á Kjalarnesi þar sem að íbúar vilja meiri byggð til að byggja upp innviði? Af hverju er ekki byggt meira í Úlfarsárdal þar sem þar er nægt rými? Af hverju ekki að byggja Geldinganesið? Flokkur fólksins hafnar því að það þurfi að ofurþetta Grafarvog á sama tíma og margir aðrir kostir eru í stöðunni til að auka byggingarmagn. Það er mat fulltrúa Flokks fólksins að gengið sé of langt í þessari þéttingu.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar, umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, dags. 27. nóvember 2024.

Svar:

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er gert ráð fyrir því að á Keldnalandi byggist upp íbúðabyggð í tengslum við Borgarlínu en forsenda uppbyggingarinnar er að svæðið verði vel tengt almenningssamgöngum. Unnið er að skipulagi svæðisins sem er í jaðri núverandi byggðar í Grafarvogi og ekki verður séð að fyrirkomulag þeirrar uppbyggingar muni hafa nein afgerandi neikvæð áhrif á núverandi byggð í Grafarvogi. Í Grundarhverfi á Kjalarnesi liggur nú þegar fyrir samþykkt deiliskipulagi fyrir íbúðabyggð og stækkun hverfisins á milli Jörfagrundar og Brautarholtsvegar sem gert er ráð fyrir að fari fljótlega í uppbyggingu. Ekki hefur verið tekið fyrir frekari uppbyggingu í og við Grundarhverfi og stefnt að því að vinna hverfisskipulag þar sem tækifæri til frekari byggðaþróunar verða greind. Geldinganes liggur frekar illa við samgöngum eins og stendur og því ekki verið hugað að uppbyggingu þar enn sem komið. Í Úlfarsárdal er verið að vinna að deiliskipulagsbreytingu við Leirtjörn fyrir allt að 360 íbúðir sem koma til afgreiðslu í nefndum og ráðum borgarinnar fyrri hluta árs 2025.

Virðingarfyllst,
Björn Axelsson, skipulagsfulltrúi



Reykjavík